



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Sinfónían á Myrkum

30. janúar 2014





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

**Áætluð timalengd verka:**

*Three Movements: 16'00"*

*Miss Reykjavík Rita: 6'00"*

*Í sjöunda himni: 10'00"*

*The Isle Is Full of Noises: 14'00"*

Aðalstyrktaraðili:

---



GAMMA

# Sinfónían á Myrkum

Tónleikar í Eldborg 30. janúar 2014 » 19:30

**Daníel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Hamrahlíðarkórarnir**  
**Þorgerður Ingólfssdóttir** kórstjóri

**Steve Reich**

*Three Movements (1986)*

*Movement I [fast] –*

*Movement II [slow] –*

*Movement III [fast]*

Hlé

**Þuríður Jónsdóttir**

*Miss Reykjavík Rita (2014, frumflutningur)*

**Haukur Tómasson**

*Í sjöunda himni (2011)*

**Daníel Bjarnason**

*The Isle Is Full of Noises (2012/2013)*

*I. O, I have suffered*

*II. Be not afear'd*

*III. The cloud-capp'd towers*

## Daníel Bjarnason

hljómsveitarstjóri



Daníel Bjarnason stundaði nám í píanóleik, hljómsveitarstjórn og tónsmíðum í Reykjavík áður en hann fór til framhaldsnáms í hljómsveitarstjórn í Freiburg í Þýskalandi.

Daníel hefur unnið með fjölda hljómsveita og má þar meðal annarra nefna Los Angeles Philharmonic, Ulster Orchestra, Winnipeg Symphony Orchestra, Britten Sinfonia, Adelaide Symphony Orchestra, Nieuw Ensemble Amsterdam og Sinfonietta Cracovia auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hljómsveitar Íslensku óperunnar. Auk þess sem hann hefur reglulega stjórnað eigin tónsmíðum hefur hann starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, John Adams, André de Ridder, James Conlon, Ilan Volkov og Alexander Mickelthwate. Hann hefur einnig átt samstarf við ýmsar hljómsveitir á borð við Sigur Rós, Efterklang og Hjaltalín.

Daníel hefur gefið út þrjár plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Sú síðastnefnda er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013 sem plata ársins.

### Tónlistin á Íslandi

Daníel stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands nú í þriðja sinn á Myrkum músíkdögum og í öll skiptin hefur hann frumflutt eigin verk. Heimsfrumflutningur var á verkunum *Processions* (2010) og *Birtingu* eða *Emergence* (2012) og svo Íslandsfrumflutningur á *The Isle Is Full of Noises* á tónleikum kvöldsins.

Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga og á síðasta ári hlaut hann Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónskáld ársins fyrir verkin *The Isle is Full of Noises* og *Over Light Earth* auk þess að hljóta Edduverðlaunin fyrir tónlistina við kvikmynd Baltasars Kormáks, *Djúpið*, sem hann gerði ásamt Ben Frost.

Nítjándi desember síðastliðinn frumflutti Fílharmóníusveitin í Los Angeles undir stjórn Gustavos Dudamel nýtt verk eftir Daníel, *Blow Bright* sem flutt verður á tónleikum Sinfóníunnar í mars en nafnið er tekið úr næstsíðustu línu kvæðisins *Night-Music* eftir Philip Larkin. Í tilefni af flutningnum endurbirti hljómsveitin tilvitnun í orð Daníels tekin úr viðtali vegna frumflutning annars verks: „Ég hef áhuga á hinu eilífa í listaverki, sem er það sama og hið eilífa í hverjum manni.“

## Hamrahlíðarkórarnir



Hamrahlíðarkórarnir hafa um áratuga skeið verið í fararbroddi íslenskra æskukóra. Haustið 2012 voru 45 ár frá því að Kór Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnaður, og kór eldri nemenda, Hamrahlíðarkórinn, hélt upp á 30 ára afmæli sitt um sama leyti. Fjölmörg tónskáld, íslensk og erlend, hafa samið verk fyrir Þorgerði og Hamrahlíðarkórana. Nú í desember kom út geisladiskurinn *Djúpsins ró* en þar flytur Hamrahlíðarkórinn tónlist eftir Huga Guðmundsson. Geisladiskurinn er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Hamrahlíðarkórinn var valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2002 og hefur tvisvar verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hamrahlíðarkórarnir hafa átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands allt frá árinu 1975 og hafa meðal annars flutt *Níundu sínfóníu* Beethovens, *Sálumessu* Mozarts og *Dafnis og Klói* eftir Ravel. Þetta er í annað sinn sem þeir koma fram með hljómsveitinni í Hörpu.

## Þorgerður Ingólfsdóttir

kórstjóri

Þorgerður Ingólfsdóttir hefur vakið athygli og aðdáun bæði innanlands og utan fyrir starf sitt með ungu fólki á tónlistarsviðinu. Undir hennar stjórn hafa Hamrahlíðarkórarnir komið fram á þúsundum tónleika í yfir 20 þjóðlöndum, meðal annars á mörgum helstu kórahátíðum heims í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

Þorgerður var aðalstjórnandi æskukórsins Radda Evrópu sem var viðamesta samstarfsverkefni menningarborga Evrópu árið 2000. Þorgerður stjórnaði jafnframt Röddum Íslands, kór 150 ungra kórsöngvara af öllu landinu sem kom fram á opunarhátíð Hörpu 13. maí 2011. Hún hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir störf sín, meðal annars Bjartskýnisverðlaun Bröste, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu, nafnbót borgarlistamanns Reykjavíkur árið 2012 og heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013.

## Steve Reich

### Three Movements



Það sem við köllum „form“ eða „mynztur“ byggist ævinlega á endurtekningum í einhverjum skilningi. Reglulegir hlutir eru reglulegir fyrir þá sök að það er eins og þeir séu settir saman úr smærri einingum sem eru líkt og endurtekningar hver af annarri. Tvísamhverft form, til dæmis mannslíkaminn, er reglulegt af því að hægri helmingur þess er nokkurn veginn eins og spegluð endurtekning vinstri helmingsins. Sama á við um tónlist. Einfalt lag eins og *Gamli Nói* fær meginform sitt af því að það er í þremur hlutum og síðasti hlutinn er nákvæm endurtekning þess fyrsta, og þegar betur er að gáð er allir hlutar þess samsettir úr litlum stefbrotum, sem eru endurtekin lítið breytt: Þegar við syngjum „Gamli Nói, gamli Nói“, þá er endurtekning orðanna „gamli Nói“ sungin við nokkurn veginn sama stefbrot og í fyrra skiptið, bara einni tvíund ofar. Algengasta form fyrir fyrsta þátt í sónötu eða símfóníu er svokallað „sónötuform“ sem byggist á endurtekningum stefja samkvæmt nákvæmri forskrift; það er eins og risavaxin útgáfa af *Gamla Nóa*.

## Tónlistin á Íslandi

Nokkur verka Steves Reich hafa verið flutt á tónleikum hljómsveitarinnar og má þar nefna *Drumming* (2011), *Different Trains* (2011) á Iceland *Airwaves* og *Clapping Music* (2006) á kammertónleikum Kristalsins. *Three Movements* heyrir í fyrsta sinn á tónleikum sveitarinnar í kvöld. Breska dagblaðið *The Guardian* sagði Reich „einn fárra núlifandi höfundar sem breytt hafi gangi tónlistarsögunnar“.

Þegar formgerðir í tónlist verða flóknari verða endurtekn-ingarnar ekki alltaf nákvæmar. Efninu er oftast breytt við endurtekninguna. Langt stef má endurtaka aftur og aftur með sífellt meiri breytingum; þannig fæst sjálfstæð tónsmíð, eða þáttur í lengri tónsmíð: stef með tilbrigðum. Beethoven hafði sérstakt dálæti á slíkum þáttum. En það er erfitt að gera nokkuð annað með langt stef, nema þá að brjóta það í sundur í parta sína og gefa þeim sjálfstætt hlutverk.

Miklu meira má gera með örstutt stefjabrot, eins og Beethoven gerði raunar líka, til dæmis í fyrsta kafla fimmtu símfóníu sinnar. Á barokktímanum byggðust tónsmíðar oft á slíku stefjabroti sem mátti endurtaka og nota eins og múrsteina til að byggja upp glæstar hallir úr tónum. Stefjabrotið var uppfinningin, *inventio*, og listin var að búa til úr því flóknar tónsmíðar. Meistari þeirrar aðferðar var Bach; sem dæmi má taka öll verk hans sem hann kallaði sjálfur *inventio*, eða þá prelúdíuna í c-moll í fyrra bindi *Veltempraða hljómborðsins*:

Við heyrum stefjabrot úr átta tónum og óbreytta endurtekningu þess í hverjum takti hennar; smátt og smátt breytist það frá einum takti til annars, en heldur þó svipmóti sínu gegnum alla prelúdíuna, þar til stuttur lokakafli tekur við. Þetta er sannkölluð „mínimalistísk“ tónsmíð.

Tólftónakerfi Schönbergs byggist einnig á sífeldum endurtekningum: Sama röðin af tólf tónum heyrast aftur og aftur; en það má breyta henni með svo róttækum hætti — einkum má gjörbreyta allri hrynjandi — að varla er nokkur vegur, að minnsta kosti fyrir óinnvígða, að fylgja endurtekningunum eftir þegar hlustað er á verkið; nógu erfitt er að koma auga á þær þótt legið sé yfir nótonum langtímum saman.

Steve Reich, líkt og aðrir tónsmiðir sem eru oft kenndir við „amerískan mínimalisma“, kærði sig ekki um að nota „tónsmíða-aðferðir sem voru ekki heyrnlegar þegar verkið var flutt.“ Í staðinn vildi hann „tónsköpunarferli og hljómandi tónlist sem eru einn og sami hluturinn“. Hann heillaðist af tónlist frá Afríku og Asíu. Trumbuleikarar í Afríku endurtaka gjarnan sömu hrynhendingarnar, en þær geta verið mislangar: Ef einn endurtekur í sífellu hendingu sem er fimm tímaeiningar að lengd, en annar hendingu sem er sjö tímaeiningar, þá skarast hendingarnar með ólíkum hætti við endurtekningarnar, og þær koma ekki saman aftur fyrr en eftir 35 tímaeiningar.

Heitið *Three Movements* er eðlilegt að þýða með orðunum *Þrír þættir*, en mætti allt eins kalla *Þrjár hreyfingar*, því að sama hreyfingin gengur óslitin í gegnum hvern þátt. Allir byggjast þættirnir á síendurteknum brotum sem skarast í einskonar flóknum keðju-söng. Strengjasveitinni er skipt í tvo jafnstóra hópa sem hlustandinn á að geta haldið aðgreindum. Þættirnir þrír, hraður-hægur-hraður, eru leiknir í samfellu án hlés. Hljómagangur verksins er einfaldur: Notaðir eru breyttir sjöundarhljómar sem falla um litla þríund í senn frá tóninum E, þar til alveg undir lokin að þeir leysast upp í a-moll.

Reich vitnaði ósjaldan í Ludwig Wittgenstein, og í söngverkinu *Proverb* frá 1995 tónsetti hann eftirfarandi tilvitnun í heimspekinginn: „Hversu litla hugsun þarf til að fylla upp heilt líf.“



## Þuríður Jónsdóttir

Miss Reykjavík Rita

Þuríður Jónsdóttir er tónskáld og flautuleikari. Hún nam tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðan í Bologna á Ítalíu hjá Cristinu Landuzzi, Adriano Guarnieri og Lelio Camilleri. Hún lauk diplómum í flautuleik, tónsmíðum og raftónlist frá Konservatóríu í Bologna. Hún sótti námskeið hjá Franco Donatoni í Siena og við Borgartónlistarskólann í Mílanó 1992-1993, og nam hjá Alessandro Solbiati við Akademíuna í Novara 1995-1996.

Hún hefur samið verk af ýmsum toga, sum þeirra studd rafhljóðum, þátttöku áheyrenda, leikrænum tilburðum eða náttúruhljóðum. Nefna má verk fyrir barokk-fiðlu og hljóðvoðir, einleiksflautu með þátttöku áhorfenda, flautukonsert með hljóðum skordýra og verk fyrir umsnúna, erfðabreytta hljómsveit. Verkin hafa verið pöntuð og flutt af íslenskum og erlendum hljóðfærahópum á hátíðum eins og “Présences” útvarpshátíðinni í París, Klang, Norrænum músíkdögum, ISCM og New Directions. Verk hennar hafa verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna, og tilnefnd á Rostrum, alþjóðlegu tónskáldapíngi útvarpsstöðva (UNESCO). Þuríður var tilnefnd til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs 2006, 2010 og 2012.

Tónskáldið hefur þetta að segja um verkið:

„*Miss Reykjavík Rita* er sinfónísk drag-drottning. Tónn hennar er allt í senn ýktur, viðkvæmur, ástríðufullur, angurvær, grófur og einlægur. Hún hefur ekki minnstu glóru um góðan tónlistarsmekk eða hátíðleik tónleikasalarins og hljóðfærin eru svolítið hinsegin.“

---

## Tónlistin á Íslandi

Verk eftir Þuríði Jónsdóttur hafa áður verið flutt á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands. Hinn 5. febrúar 2009 flutti Marlo Caroli flautuleikari flautukonsert hennar *Flutter* ásamt hljómsveitinni, en Ríkisútvarpið hafði pantað það verk í minningu 100 ára afmælis Oliviers Messiaen árið áður. Í verkinu voru notaðar upptökur með skordýrahljóðum. Í blaðaviðtali minnti tónskáldið á að Messiaen hefði stuðzt við fuglasöng í verkum sínum. „Þetta voru hljóð sem heilluðu mig mjög mikið og mér fannst þau passa vel við flautuna. Það er gaman að tefla saman smáum og stórum hljóðum á jöfnum grundvelli.“



## Haukur Tómasson

Í sjöunda himni



Haukur Tómasson er fæddur í Reykjavík árið 1960. Hann stundaði tónlistarnám við Tónlistarháskólann í Reykjavík hjá Þorkatli Sigurbjörnssyni og Atla Heimi Sveinssyni, og síðar í Köln, Amsterdam og við Kaliforníuháskóla í San Diego. Meðal verka hans má nefna óperuna *Fjórða söng Guðrúnar*, *9 hljómsveitarverk*, *Fíðlukonsert* sem saminn var fyrir Sigrúnu Eðvaldsdóttur, *Flautukonserta* og ýmsa kammer- og kórtónlist. Haukur hefur hlotið ýmsar viðurkenningar svo sem tvívegis verðlaun í tónverkasamkeppni RÚV, Bjartsýnisverðlaun Bröste 1996 og Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir verkin *Ardente* og *Moldarljós*. Haukur fékk tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir óperuna *Fjórði söngur Guðrúnar*.

Í *sjöunda himni* bar sigur úr bítum í samkeppni um tónverk til flutnings á opunarhátíð Hörpu. Í umsögn dómnefndar segir meðal annars: „Verkið hefur sterkt og ákveðið svipmót, í því ríkir glaðværð og eftirvænting sem hæfir tilefninu vel. [...] Sérlega hrifningu vakti tilþrifamikill og kröftugur hápunktur verksins, sem ber yfirskriftina *Estatico*, sem mætti útleggja sem: „í sæluvímu“, eða „með ofsakæti“.“ Verkið var frumflutt 13. maí 2011 í Eldborg undir stjórn Petris Sakari og var „[e]inn af hápunktum tónleikanna“ samkvæmt gagnrýnanda *Fréttablaðsins*.

Tónskáldið hefur þetta að segja um verkið:

„Við samningu verksins hafði ég meðal annars í huga að kanna hljómburð hússins. Þá hugsaði ég um um allt þetta gler og þá speglun sem ég sá fyrir mér að yrði í glerhjúpnnum. Það eru stef í tónlistinni sem vísa í það og ákveðin speglun í tónunum. Bókstafirnir h, a, r, p og a höfðu einnig mikil áhrif á hljóðvef verksins. Þannig hefst það á örveikum loftkenndum hljóðum sem maður hefði verið feiminn við að nota í Háskólabíói. Síðan taka við opnari tónar og hljómar (a), þá kliður (r), síðan blokkkenndir hljómar (p) og loks e-k ítrekun á a.“

## Daníel Bjarnason

The Isle Is Full of Noises



Verkið *The Isle Is Full of Noises* var samið fyrir Barnakór Los Angeles-borgar (*Los Angeles Childrens's Chorus*) og Amerísku ungmennahljómsveitina (*American Youth Symphony*). Það var frumflutt í Walt Disney-tónleikahöllinni í Los Angeles 4. marz 2012 í dagskrá sem var helguð tónverkum sem tengjast með einum eða öðrum hætti verkum Williams Shakespeare. Verkið er í þremur þáttum, og er hver þeirra saminn við búpáttir af texta úr *Ofviðrinu* eftir Shakespeare.

Í fyrsta þætti heyrum við orð Míröndu, dóttur Prosperós. Þau feðginin hafa, þrátt fyrir töfrakunnáttu Prosperós, þurft að dvelja á eyju í miðju úthafi árum saman ásamt tveimur þjónum Prosperós, loftandanum Ariel og mannskrímsslinu Kalíban. Nú hafði Prosperó fundið á sér að þeir sem komu þeim í þessa útlegð voru á ferð í skipi fram hjá eyjunni, og hann magnaði því gjörningaveður til að láta skipið farast. Miranda biður hann að lægja ofviðrið, og í þeim orðum sem við heyrum í fyrsta þætti verkisins lýsir hún strandi skipsins, sem hún telur hafa farizt með öllum sem á því voru. En Prosperó hefur raunar séð til þess að allir kæmust af.

---

### Tónlistin á Íslandi

*The Isle Is Full of Noises* er nú flutt á Íslandi í fyrsta sinn en jafnframt er um frumflutning á nýrri útgáfu verksins að ræða. Í upprunalegri útgáfu er verkið samið fyrir barnakór en í nýrri útgáfu er verkið skrifað fyrir blandaðan kór.

Tveir af áhöfninni reika um eyjuna og hitta Kalíban. Ariel, sem er viðstaddur en ósýnilegur, kemur samtali þeirra í uppnám með því að skjóta inn nokkrum setningum óséður, og eftir að annar skipbrotsmannanna reynir að syngja lagstúf leikur Ariel rétta lagið á flautu og trumbu. Þeim verður bilt við, en Kalíban hughreystir þá með orðunum sem við heyrum í öðrum þætti verksins: Hann lýsir töframætti tónlistarinnar, sem fær hann til að sofna og lætur hann dreyma um að auðæfum rigni yfir hann.

Miranda og einn skipbrotsmanna hafa fellt hugi saman. Til að fagna væntanlegu hjónabandi þeirra setur Prosperó leiksýningu á svið með göldrum. Í henni taka grískir guðir þátt, og dísir stíga dans. En skyndilega áttar Prosperó sig á að hann þarf að sinna öðrum málum, og leikarar og leiksvið

hverfa. Í orðunum sem við heyrum í þriðja þætti verksins líkir Prosperó jarðlífi okkar manna við fáfengilegan sjónleik sem hverfur og skilur ekkert eftir sig þegar leiktjóldin eru tekin niður.

Verkið er skrifað fyrir hljómsveit og fjórradda kór; en kór-röddunum er stundum skipt upp, einkum í upphafi fyrsta þáttarins, þar sem allt að tólf raddir hljóma í tónaklössum til að undirstrika áhyggjur Míröndu.

*Reynir Axelsson*

## **The Isle is Full of Noises**

I.

*Miranda:*

O, I have suffered  
With those that I saw suffer: a brave vessel,  
Who had, no doubt, some noble creature in her,  
Dash'd all to pieces. O, the cry did knock  
Against my very heart. Poor souls, they perish'd.  
Had I been any god of power, I would  
Have sunk the sea within the earth or ere  
It should the good ship to have swallow'd and  
The fraughting souls within her.

II.

*Caliban:*

Be not afeard; the isle is full of noises,  
Sounds and sweet airs, that give delight and hurt not.  
Sometimes a thousand twangling instruments  
Will hum about mine ears, and sometime voices  
That, if I then had waked after long sleep,  
Will make me sleep again: and then, in dreaming,  
The clouds methought would open and show riches  
Ready to drop upon me that, when I waked,  
I cried to dream again.

III.

*Prospero:*

The cloud-capp'd towers, the gorgeous palaces,  
The solemn temples, the great globe itself,  
Ye all which it inherit, shall dissolve  
And, like this insubstantial pageant faded,  
Leave not a rack behind. We are such stuff  
As dreams are made on, and our little life  
Is rounded with a sleep.

*William Shakespeare*

## Eyjan morar af háreysti

I.

*Míranda:*

Ó, ég hef liðið

með þeim er ég sá líða: frækin fleyta,  
sem flutti eflaust með sér tignar verur,  
brotin í spón. Ó, hrópin þeirra hrærðu  
mitt hjarta. Þessar veslings sálir fórust.  
Hefði ég verið voldugt goð, þá hefði  
ég sökkt í jarðar iður öllum hafsjó  
fyrr en hann gleypți þetta góða skip og allar  
þær sálir sem það bar.

II.

*Kalíban:*

Óttist eigi; eyjan morar af háreysti,  
hljómum og söng er sefar og meiðir eigi.  
Stundum ymja þúsund hávær hljófæri  
um eyru mér, og aðrar stundir raddir  
sem eftir langan svefn og stutta vöku,  
láta mig sofna á ný, og svo í draumi  
finnst mér sem skýin opnist fyrir auði  
sem á að rigna á mig, og þá ég vakna,  
þrái ég drauma að nýju.

III.

*Prosperó:*

Skýfextir turnar, höfðinglegar hallir,  
ríkmannleg hof, og hnöttur jarðar sjálfur,  
þér allir sem hann erfa skulu leysast upp  
og, rétt eins og þessi fánýt sýning fölnar,  
hverfa sporlaust. Vér erum slíkt efni  
sem draumar eru ofnir úr, og vort litla líf  
er umlukið svefni.

*William Shakespeare*

# Hamrahlíðarkórarnir

30. janúar 2014

Agnes Sólmundsdóttir  
Alexander Sigurður Sigfússon  
Alma Ágústsdóttir  
Andri Þór Arason  
Anna Bergljót Gunnarsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Anna Kristín Semey  
Arnaldur Gylfi Þórðarsson  
Arnar Logi Hákonarson  
Aron Jakob Jónasson  
Atli Arnarsson  
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir  
Árni M. Magnússon  
Ásbjörn Erlingsson  
Ásgrímur Ari Einarsson  
Ásthildur Helga Jónsdóttir  
Baldvin Snær Hlynsson  
Baldvin Þormóðsson  
Bára Gísladóttir  
Bergur Þórisson  
Birta Brynhildardóttir Flóvenz  
Bjarki Hall  
Bryndís Bergþórsdóttir  
Edda Kristjánsdóttir  
Elín Inga Lárusdóttir  
Emil Gauti Friðriksson  
Erna Kanema Mashinkila  
Eygló Káradóttir  
Fídel Atli Quintero Gasparsson  
Freyja Jónsdóttir  
Friðgeir Ingi Jónsson  
Garðar Helgi Biering  
Glóey Þóra Eyjólfsson  
Guðmundur Þórir Hjaltason  
Guðni Páll Guðmundsson  
Guðný Guðmundsdóttir  
Guðrún Friða S. Wium  
Gunnar Haraldsson  
Gunnhildur Ýrr Gunnarsdóttir  
Hafþór Sólberg Gunnarsson  
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir  
Heiða Darradóttir  
Helgi Grímur Hermannsson  
Herdís Birta Jónsdóttir  
Hildur Elísa Jónsdóttir  
Hilma Kristín Sveinsdóttir

Hjalti Vigfússon  
Hjörtur Ingi Skarphéðinsson  
Hlynur Jóhannsson  
Hrefna Björg Gylfadóttir  
Hringur Árnason  
Hulda María Albertsdóttir  
Hulda Ragnhildur Hjálmarsdóttir  
Iðunn Jónsdóttir  
Inga Rán Reynisdóttir  
Ingólfur Gylfason  
Jakob van Oosterhout  
Jara Hilmarsdóttir  
Jón Nordal  
Jón Gunnar Stefánsson  
Jökull Smári Jakobsson  
Karl Þorláksson  
Katrín Helena Jónsdóttir  
Katrín Helga Ólafsdóttir  
Katrín Svava Másdóttir  
Klara Sigurðardóttir  
Kristbjörg Guðrún Halldórsdóttir  
Kristinn Arnar Sigurðsson  
Lárus Jakobsson  
Líneik Jakobsdóttir  
Magdalena Guðrún Bryndísardóttir  
Magnús Magnússon  
Margrét Aðalheiður Önnu- og Þorgeirsdóttir  
Margrét Lára Baldursdóttir  
Móeiður Kristjánsdóttir  
Ólafur Baldvin Jónsson  
Ólafur Sverrir Stephensen  
Ólafur Þórsson  
Ólöf Sesselja Ingimundardóttir  
Páll Emil Emilsson  
Pétur Jónsson  
Rannveig Marta Sarc  
Róbert Alejandro López Jack  
Salný Vala Óskarsdóttir  
Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir  
Sara Mjöll Magnúsdóttir  
Signý Æsa Káradóttir  
Sigríður Kristín Kristjánsdóttir  
Sigrún Gyða Sveinsdóttir  
Sigrún Perla Gísladóttir  
Sigurður Guðni Gunnarsson

Sigurgeir Ingi Þorkelsson  
Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir  
Sigurveig Steinunn Helgadóttir  
Sindri Dýrason  
Sindri Sigfússon  
Simon Karl Sigurðarson Melsteð  
Snorri Már Arnórsson  
Sóley Sigurjónsdóttir  
Sólrun Kolbeinsdóttir  
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir  
Sólveig Birna Júlíusdóttir  
Sólveig Hlín Brynjólfsson  
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir  
Steinar Logi Helgason  
Steinn Helgi Magnússon  
Steinunn Ása Sigurðardóttir  
Styrmir Hrafn Danielsson  
Sverrir Páll Sverrisson  
Sylvía Spilliaert  
Sæmundur Rögnvaldsson  
Sölvi Rögnvaldsson  
Tinna Jóhanna Magnússon  
Tómas Arnar Guðmundsson  
Tómas Helgi Baldursson  
Tumi Björnsson  
Valgarður Ragnheiðar Ívarsson  
Vera Hjördís Matsdóttir  
Vigdís Hafliðadóttir  
Vigdís Þóra Másdóttir  
Vilborg Magnúsdóttir  
Ylfa Dögg Árnadóttir  
Þorbjörg Ásgeirsdóttir  
Þorbjörg Erna Mímisdóttir  
Þorgerður María Þorbjarnardóttir  
Þorgrímur Þorsteinsson  
Þorkell Nordal  
Þórbergur Atli Þórsson  
Örnólfur Eldon Þórsson

**MEÐLEIKARI Á ÆFINGUM**  
Snorri Sigfús Birgisson

# Hljómsveit á tónleikum

30. janúar 2014

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Lin Wei  
Laufey Jensdóttir  
Andrzej Kleina  
Ágústa María Jónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Mark Reedman  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir

## 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Roland Hartwell  
Þórdís Stross  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Joanna Bauer  
Helga Þóra Björgvinsdóttir

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnell Orri Egilsson  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Lovisa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau  
Melkorka Ólafsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

## ÓBÓ

Matthias Nardeau  
Peter Tompkins  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir  
Snorri Heimisson

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jónsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

## BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÍANÓ

Árni Heimir Ingólfsson  
Valgerður Auður Andrésdóttir  
Helga Bryndís Magnúsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson  
Hjörleifur Örn Jónsson

Arna Kristín Einarisdóttir framkvæmdastjóri  
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri  
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri  
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi

REYKJAVÍK  
10. — 12. APRÍL 2014

## *Allt sem tónlist getur verið*

Í annarri viku apríl iðar Harpa af lífi á tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands; Tectonics. Nú er það taka þrjú. Flytjendur og tónsmiðir hvaðanæva að koma fram á fjölda tónleika og viðburða á þremur dögum með nýja, ferska og spennandi tónlist úr öllum áttum.

Á hátíðinni hljóma meðal annars verk eftir Valgeir Sigurðsson, Ólöfu Arnalds & Skúla Sverrisson, Berggrúnu Snæbjörnsdóttur, Davíð Brynjar Franzson, Maríu Huld Markan og Pál Ivan Pálsson.

Fjölbreyttar tónlistarstefnur renna saman og mynda nýtt og spennandi landslag.

**TECTONICS**  
Tónlistarhátíð

Listrænn stjórnandi ILAN VOLKOV

*Miðar fánlegir*  
**WWW.SINFONIA.IS**  
**WWW.HARPA.IS**

Aðalstyrktaraðili:

